

Skólaráðsfundur

11. mars 2021

Mættir: Ingibjörg, Unnur fulltrúar nemenda, Magnús og Manassa fulltrúar foreldra, Særún fulltrúi grenndarsamfélags, Elín Sam og Kristjana fulltrúar kennara, Kristín H fulltrúi starfsmanna og Hilmar skólastjóri.

1. Skóladagatal

Hilmar fór yfir dagatal fyrir skólaárið 2021-2022.

Gerð hefur verið könnun meðal foreldra og starfsmanna á tilhögun vetrarfrís. Mikill meirihluti vildi halda áfram með viku vetrarfrí á haustönn.

Ábending um að haga skipulagsdögum eða uppbrotsdagur þannig að það sé einhver í febrúar þannig að það komi inn smá auka frídagur fyrir börnin. Einnig kom tillaga um að hafa íþróttadaginn í febrúar.

Fulltrúi nemenda benti á að það væri mjög gott fyrir þá sem taka þátt í samræmdum prófum að fá íþróttadag eftir prófin. Gott að lyfta sér upp eftir prófatörnina.

2. Viðbragðsáætlun vegna jarðhræringa

Kynnt ný viðbragðsáætlun sem unnin var í samstarfi við almannavarnir.

Skólinn er fjöldahjálparstöð og ef hann yrði nýttur sem safnstaður yrði það í höndum Rauða krossins en ekki skólans. Unnin var viðbragðsáætlun fyrir skólann sem fer í gang ef almannavarnir gefa út boð um það. Áætlunina má finna á vef skólans.

<http://www.storuvogaskoli.is/frettir/vidbragdsaaetlun--vegna-haettuastands---almannavarnir>

Allar vísbendingar gefa til kynna að ekki yrði um hamfarir að ræða komi til eldgoss. Hætta á gasmengun er það sem við þyrftum helst að vera á varðbergi gagnvart. Fylgst er með loftgæðum á klukkustunda fresti og hægt að fylgjast með á www.loftgaeði.is

3. Árshátíð

Árshátíðin í ár verður með breyttu sniði og tekur mið af ástandi í samfélaginu. Bekkirnir eru að undirbúa árshátíðarmyndbönd og sem verða sýnd á sal fyrir nemendur og svo sett á netið svo foreldrar og aðrir aðstandendur geti horft á.

4. Önnur mál

- Staðan í skólanum:

Hálfdan er farinn í veikindaleyfi fram á næsta skólaár. Hilmar er starfandi skólastjóri og dreifist ábyrgðin á milli annara stjórnenda á meðan.

Almennt er mikið álag í starfseminni þessa dagana. Innleiðing á vinnustund, jarðhræringar og þriðja önn í covid. Að auki er vinna í gangi í sveitarfélaginu sem felur í sér skoðun á rekstrarhliðinni. Það er verið að innleiða jafnlaunavottun í sveitarfélaginu.

- 08:53 jarðskjálfti – 4,5.
- Samræmd próf
prófin gengu illa vegna tækierfiðleika og hefur því verið frestað um viku.

Skólar í Kópavogi hafa sent sameiginlega yfirlýsingu til menntamálaráðuneytisins og vilja aflýsa prófunum og leggja þetta ekki á nemendur. Sagt var frá því að undirskriftum hefði verið safnað meðal nemenda og var stór hluti þeirra sem vildi fella prófin niður.

Skiptar skoðanir meðal nemenda hér, sumum finnst gott að fá auka tíma til að læra, öðrum finnst bætast við auka vika af streitu en almennt virðast flestir taka prófið og sjá hvernig þeim gengur.

- Fundargerðir skólaráðs:
Fyrirspurn um hvort eldri fundargerðir séu sýnilegar á netinu. Þær eru það fram til nóvember 2019. Hilmar fer í að setja hinar inn á netið.
- Ábending frá fulltrúa grenndarsamfélagsins um umferðaröryggi í tengslum við nýja hverfið í bæjarfélaginu. Þörf á að bæta öryggi þeirra sem ganga þaðan í skólann. Einnig rætt um mikla umferð og mikinn hraða í Vogagerði að morgni.
Spurning hvort hægt sé að gera eitthvað til að hægja á umferð, bæta inn skilti sem minnir á börn á leið í skólann, hægt á, setja veifur á staði sem mikið álag er á. Hugmynd um hvort einhver gæti sinnt gangbrautarvörslu á stórum gatnamótum. Hilmar kemur ábendingunni áfram til umhverfisnefndar.
- Fyrirspurn/ábending varðandi samdrátt í samfélaginu vegna covid, 6.6% á landsvísu, hvað er það hér í bæ, eru til tölur?

Fundi slitið 09:20

Fundarritari: Elín Þ. Samúelsdóttir